

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2011

2011/EES/37/21

frá 1. apríl 2011

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2010 frá 10. nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2010 frá 23. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, (IFRS-staðal) nr. 1 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2010 frá 30. júní 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 7 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2010 frá 19. júlí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 24 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 8 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 633/2010 frá 19. júlí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 14 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 662/2010 frá 23. júlí 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) 19 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 1 ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við samninginn:

- „– **32010 R 0550:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2010 frá 23. júní 2010 (Stjtið. ESB L 157, 24.6.2010, bls. 3),
- **32010 R 0574:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2010 frá 30. júní 2010 (Stjtið. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 6),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 85, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 157, 24.6.2010, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 193, 24.7.2010, bls. 1.

- **32010 R 0632**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2010 frá 19. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 1),
- **32010 R 0633**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 633/2010 frá 19. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 186, 20.7.2010, bls. 10),
- **32010 R 0662**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 662/2010 frá 23. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 193, 24.7.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 550/2010, 574/2010, 632/2010, 633/2010 og 662/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.